



31. stjórnarfundur LH
11. ágúst 2022 kl. 12:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Gréta V. Guðmundsdóttir og Einar Gíslason úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir, Lilja Reynisdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn

Fjarverandi: Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn, og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Einnig mættur: Helgi Sigurðsson dýralæknir.

Formaður setur fund og fól varaformanni fundarstjórn.

1. Polreið LH - Survive Iceland (fylgiskjal Reglur Survive Iceland)

Greint var frá fundi sem haldinn var þann 3. ágúst sl. sem Linda Karen Gunnarsdóttir hestafræðingur og Meike Erika Watt, stjórnarmaður í Samtökum um dýravelferð á Íslandi óskuðu eftir til að koma á framfæri athugasemdum sínum um dýravelferð í Polreið LH – Survive Iceland. Á þann fund mættu f.h. LH Guðni Halldórsson formaður LH, Hákon Hákonarson stjórnarmaður LH í framkvæmdanefnd um polreiðina, Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri LH og Helgi Sigurðsson dýralæknir Polreiðar LH.

Á fundinum voru LKG og MEM upplýstar um reglur keppinnar og hvernig framkvæmd hennar væri háttað. Í kjölfar fundarins sendu LKG og MEM bréf til LH og Horses of Iceland þar sem þær viðruðu áhyggjur sínar af velferð hesta í keppninni.

Helgi Sigurðsson skýrði á stjórnarfundum frá reynslu sinni af polreiðum á Íslandi en hann tók þátt í 10 polreiðakeppnum á árunum í kringum 1990 sem höfðu svipaða forskrift og Survive Iceland hefur, þ.e. dagleiðir eru 50-70 km., riðið í tveimur áföngum á tveimur hestum. Nákvæm dýralæknaskoðun er gerð í upphafi keppinnar og að loknum hverjum áfanga. Hafa hestar komið vel út úr læknisskoðunum í polreið af þessu tagi.

Umræður urðu um framkvæmd Survive Iceland frá dýravelferðarsjónarmiði og skýrt var frá því að MAST verður með eftirlit í keppninni.

Afgreiðsla: Stjórn LH hefur velferð hesta ávallt í fyrirrúmi. Stjórn stendur einhuga á bak við framkvæmd Survive Iceland og telur eftirlit og ástandsskoðun hesta vera tryggða með reglubundnum hætti af fagfólki. Forsvarsfólki dýravelferðarsamtaka er boðið velkommið að fylgjast með framkvæmd keppinnar. Samþykkt að gera greinargóða kynningu á Polreiðinni og senda HOI og öðrum styrktaraðilum.

Fundi slitið kl. 13.00